

FUNDARGERÐ

289. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn húsnæði HEF að Einhleypingi 1.
Miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Skúli Björnsson (SB) (í fjarfundi), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Magnús Jónsson (MJ) endurskoðandi sat fundinn undir lið 1.

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 9 mánaða uppgjör – endurskoðandi mætir á fundinn
- 2 Austurljós – samningur til staðfestingar
- 3 Gjaldskrár – staða í birtingarferli
- 4 Ljósleiðaraverkefni – kostnaðargreining
- 5 Vatnaáætlun – til yfirferðar
- 6 Viðbót í kostnaðaráætlun – Vatnslaukar fyrir slökkvilið
- 7 Smiðjusetlun verðmat
- 8 Samþykktir Múlaþings um vatns- og fráveitur
- 9 Orkuveita Austurlands – erindi
- 10 Fundaáætlun stjórnar 2021 – dagsetning aðalfundar
- 11 Yfirlit verkefna
 - a. Selás – verklok / uppgjör
 - b. Ljósleiðari í dreifbýli
 - c. Götulagnir á Seyðisfirði
- 12 Önnur mál
 - a. Aurskriður á Seyðisfirði
 - b. Lóð Fóðurstöðvar

1 9 mánaða uppgjör – endurskoðandi mætir á fundinn

MJ er mættur til fundarins og gerir grein fyrir 9 mánaða uppgöri HEF og eignfærslu veitna Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps til félagsins.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á tímabilinu sem nam 69,3 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 2.410 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 1.017 millj. kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall félagsins 42,2%.

Í lok tímabilsins nam hlutfé félagsins 433 millj. kr. og hafði ekki breyst á tímabilinu. Allt hlutfé er í eigu sveitarfélagsins Múlaþings, kt. 660220-1350, en nýtt sveitarfélag tók við öllum eignarhlutum Fljótsdalshéraðs við sameiningu Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Borgarfjarðarhrepps. MJ yfirgefur fundinn.

Stjórn samþykkir uppgjörið og undirritar það.

Stjórn HEF bendir samhliða á að ófrágengin er fjármögnun og hlutfjárhækkun vegna yfirtöku á veitum Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps til félagsins sem og samningur um þjónustu við veitur í hverfum Múlaþings. Stjórn HEF felur framkvæmdastjóra og formanni að ræða við Múlaþing að útfærslu sem síðar yrði lagt fyrir stjórn.

2 Austurljós – samningur til staðfestingar

JB yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Fyrir liggja uppfærð samningsdrög, dagsett í desember 2020, sem framkvæmdastjóra er falið að undirrita fyrir hönd félagsins.

Samþykkt eru ÁB, GJ, SB (í fjarfundi).

HHÁ situr hjá við afgreiðsluna, þar sem hann telur sig ekki þekkja nógu vel til forsögu málsins. JB kemur inn á fundinn.

3 Gjaldskrár – staða í birtingarferli

Gjaldskrá hitaveitu sem lögð var fram á síðasta fundi var samþykkt þann 9. desember síðastliðinn af ráðuneyti. Gjaldskrá fráveitu og vatnsveitu hefur verið sent til birtingar í b-deild Stjórnartíðinda og mun það verða birt fyrir árslok.

4 Ljósleiðaraverkefni – kostnaðargreining

Tengimiðja, lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

Framkvæmdastjóra einnig falið að taka saman minnisblað svo hægt sé að leggja fram við kjörna fulltrúa Múlaþings heildarstöðu verkefnisins þar sem sýnt er að það vantar fjármuni til að ljúka verkefninu.

5 Vatnaáætlun – til yfirferðar

Lagt fram til kynningar og rætt, frestur til athugasemda er til 15. júní 2021.

6 Viðbót í kostnaðaráætlun – Vatnslaukar fyrir slökkvilið

Samþykkt að taka þátt í kostnaði við kaup á vatnslaukum á Borgarfjörð, Djúpavog og Seyðisfjörð. Hlutdeild HEF er alls 900 þúsund kr.

7 Smiðjusetlun verðmat

Umræðu frestað til næsta fundar.

8 Samþykktir Múlaþings um vatns- og fráveitur

Samþykkt að hefja vinnu við gerð á samþykktum um vatns- og fráveitur Múlaþings.

9 Orkuveita Austurlands – erindi

Stjórn HEF þakkar erindið og vísar umræðu til gerðar eigendastefnu hjá nýrri sveitarstjórn Múlaþings.

10 Fundaáætlun stjórnar 2021 – dagsetning aðalfundar

Stjórn samþykkir að halda aðalfund þann 19. mars 2021. Stjórn samþykkir fasta fundartíma fjórða miðvikudag í mánuði kl. 15.

11 Yfirlit verkefna

a. Selás – verklok / uppgjör

Farið yfir stöðu verkefnis.

b. Ljósleiðari í dreifbýli

Farið yfir stöðu verkefnis.

c. Götulagnir á Seyðisfirði

Farið yfir stöðu verkefnis.

SB yfirgaf fundinn kl. 18:08.

12 Önnur mál

a. Aurskriður á Seyðisfirði

Farið yfir stöðu mála á Seyðisfirði eftir skriðuföll gærdagsins. Framkvæmdastjóri fór í vettvangsferð í dag og mun fylgjast með málum áfram með tilliti til mögulegum skemmdum á eigum veitna HEF.

b. Lóð Fóðurstöðvar

Rætt um stöðu mála með lóð HEF við Fóðurstöð. Stjórn gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi tillögu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 18:40.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2020

